



Ísafirði 21. október 2021

Efni: Lúsameðhöndlun Arctic Sea Farm í Patreksfirði

Eitt af helstu ógnum við laxeldi í sjó er laxalús (*Lepeophtheirus salmonis*). Fiskilús (*Caligus elongatus*) er nokkuð sem við flest þekkjum betur en laxalúsina og er nokkuð algengt að sjá á bolfiski við Ísland og getur líka borist í sjóeldiskvíar. Nokkuð hefur borið á því á haustin hjá okkur að fiskilús sé að angra laxinn okkar en hún er streituvaldandi og veldur því að matarlyst minnkar. Við höfum notað lyfjaíblöndun áður (Slice) við fóðrið með góðum árangri. Virka efnið í lyfinu er tekið upp í þörmum laxanna og fer síðan út í slímhúðin í roðinu og drepur þar lýs sem eru á fisknum. Leyfi til slíkra aðgerða er veitt af Fiskisjúkdómanefnd og tilkynningar um meðhöndlun kynntar á vef MAST (www.mast.is) þar sem hægt er að fylgjast með. Nú hefur fengist leyfi til að nota Slice-lyfjablöndun í fóðri á staðsetningu Arctic Sea Farm við Kvígindisdal í Patreksfirði og mun meðferðin hefjast þann 22. október nk. og tekur um eina viku..

Fiskurinn sem fær þessa lyfjagjöf verður í sjó næsta árið og verða því allar lyfjaleifar úr holdi horfnar þegar að slátrun kemur.

Ef óskað er eftir frekari upplýsingum um þetta mál eða annað má hafa samband við undirritaða.

Fyrir hönd Arctic Sea Farm

Steinunn G. Einarsdóttir

Steinunn Guðný Einarsdóttir